



Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis

150 Reykjavík

HGS/ás

Rvk. 28.11.2001

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sérstakt átak til að treysta byggð og efla atvinnulíf á landsbyggðinni-5.mál.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægara að treysta almenn starfsskilyrði atvinnulífsins en að gangast fyrir afmörkuðum átaksverkefnum af því tagi sem lagt er til í tillögunni.

Atvinnulífið blómstrar við góð almenn starfsskilyrði, til dæmis traustar samgöngur og góðan aðgang að heilsugæslu, skólum og opinberri þjónustu, stöðugleika á vinnumarkaði og hóflegar opinberar álögur.

Samtökin telja að fyrirtæki sem geta nýtt sér góð almenn skilyrði eigi frekar framtíð fyrir sér en starfsemi sem ýtt er af stað af opinberum sjóðum. Það er hins vegar rétt, sem bent er á í greinargerð með frumvarpinu, að undanfarin ár hefur mikil þensla áhöfuðborgarsvæðinu flýtt fyrir búferlaflutningum hér á landi. Það er hagsmunamál landsbyggðarinnar og landsins alls að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að draga úr þessari þenslu með því að gæta hófs í umsvifum sínum á næstunni.

Samtökin mæla ekki með að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri